

Grétar, fengið u.þ.b. kr. 20.000 í reiðufé, en kærði hafi ætlað að sjá um að henda þýfinu og tékkunum.

Eins og nú hefur verið rakið eru komnar fram skýrar vísbendingar um aðild kærða að sakarefni þessu þrátt fyrir staðfasta neitun hans. Þó hefur enn ekki þótt tímabært að samprófa kærða og Grétar Pétur. Þá er einnig lögð á það áhersla af hálfu RLR að hafa uppi á þýfinu úr innbrotinu. Enn er þess að geta að grunur leikur á að hér hafi þrír menn verið að verki. Þegar allt framanritað er virt er sýnt að sú hætta er fyrir hendi að kærði nái að spilla sakargögnum verði hann nú látinn laus úr gæsluvarðhaldi. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 verður krafa RLR tekin til greina og skal kærði sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl nk. kl. 17:00.

Brot það, sem kærði er hér sakaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga, ef sannaðist, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. apríl 1986 kl. 17:00.

Mánudaginn 14. apríl 1986.

Nr. 128/1986. **Búnaðarbanki Íslands og**
Halldór Jónsson — Vogafell hf.
 gegn
Árna B. Guðjónssyni

Kærumál. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Búnaðarbandi Íslands kærði 24. mars sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 18. mars, en úrskurður þessi var þannig:
 „Árna G. Guðjónssyni, nnr. 0515-6653, Akraseli 27, Reykjavík, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa að telja.“

Hinn 25. mars kærði Halldór Jónsson - Vogafell hf. þennan sama úrskurð.

Kæra úrskurðarins er heimil eftir 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Lögmenn aðila hafa sent Hæstarétti greinargerðir.

Búnaðarbankinn krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að synjað verði um greiðslustöðvunina. Þá krefst bankinn kærumálskostnaðar.

Halldór Jónsson - Vogafell hf. krefst þess aðallega að greiðslustöðvunarbeiðni varnaraðila verði vísað frá skiptarétti. Til vara krefst fyrirtækið þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um greiðslustöðvun, en til þrautavara að greiðslustöðvunartíminn verði stytur verulega. Loks er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Úrskurður skiptaréttar er án forsendna samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981. Héraðsdómarinn, Jón Finnbjörnsson fulltrúi yfirborgarfégeta, sendi Hæstarétti kærurnar 10. þ.m. og lét fylgja athugasemdir sínar eftir 27. gr. laga nr. 73/1975. Þar segir:

„Með bréfi dagsettu 18. mars 1986 fór Hjalti Steinþórsson hdl. þess á leit f.h. Árna B. Guðjónssonar, að honum yrði skv. heimild í 7. gr. laga nr. 6/1978 veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði.

Í beiðninni gerir lögmaðurinn nokkra grein fyrir ástæðum fjárhagserfiðleika umbjóðanda síns. Skv. gögnum, sem lögð voru fram, námu skuldir samtals kr. 4.881.190,-. Er greiðslustöðvunarbeiðnin var tekin fyrir í skiptarétti kvað lögmaðurinn þær lítillega vanáætlaðar og taldi heildarskuldir rúmlega 5 milljónir króna. Eignir umbjóðanda síns kvað lögmaðurinn vera einbýlishúsið að Akraseli 27, en brunabótamat þess væri kr. 6.689.728,-. Þá ætti Árni Guðjónsson ýmsar kröfur í þb. Árfells hf., en bú þess félags var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 16. janúar 1986.

Skv. hinum framlögðu gögnum var ljóst að Árni B. Guðjónsson ætti í verulegum fjárhagserfiðleikum. Vafasamt virtist hvort hann ætti eignir umfram skuldir, en lausafjárstaða hans var greinilega mjög erfið. Jafnframt lá fyrir yfirlýsing Hjalta Steinþórssonar hdl.

um að hann væri reiðubúinn að aðstoða Árna á greiðslustöðvunar-tíma við að koma nýrri skipan á fjármál hans. Skv. því voru uppfyllt meginskilyrði 7. gr. laga nr. 6/1978 til greiðslustöðvunar. Að öðru leyti virtist líklegt að þau úrræði er greind voru, þ.e. sala fasteignarinnar Akrasel 27 á frjálsum markaði, gætu leitt til þess að unnt væri að greiða úr skuldum Árna B. Guðjónssonar. Jafnframt var ljóst að ekki yrði fengin niðurstaða um kröfur Árna í þb. Árfells hf. fyrr en að nokkrum tíma liðnum, og þá jafnframt hverjar horfur væru um greiðslu upp í þær við úthlutun úr búinu. Að þessu athuguðu þótti rétt að veita hina umbeðnu greiðslustöðvun, og virtist þá heldur ekki sérstök ástæða til að marka henni skemmri tíma en þrjá mánuði.“

Í greinargerð Margeirs Péturssonar, lögmanns Búnaðarbanka Íslands, segir að tilgangur Árna B. Guðjónssonar, er hann beiddist greiðslustöðvunar, hafi verið sá að fá frestað nauðungaruppboði á fasteigninni Akraseli 27 í Reykjavík, en það fái ekki samrýmst tilgangi ákvæða gjaldþrotalaga um þetta réttarúrræði „enda vart annars að vænta en að viðunandi boð fáiist í eignina á slíku uppboði, þar sem hún virðist fullveðsett...“. Þá segir í greinargerðinni: „Varnaraðili hefur eigi heldur fært nein rök fyrir því hvernig hann hyggist selja eignina á frjálsum markaði, en það virðist eigi framkvæmanlegt nema öftustu veðhafar og fjárnámshafar ... fáiist til að aflýsa réttindum sínum af eigninni.“ Þá er sagt í greinargerðinni að yfirlit það yfir eignir og skuldir varnaraðila, sem beiðninni um greiðslustöðvun fylgdi, sé „ónákvæmt og hroðvirknislega unnið“ og er það skýrt.

Í greinargerð Atla Gíslasonar, lögmanns Halldórs Jónssonar — Vogafells hf., er lýst skiptum þessa sóknaraðila og varnaraðila, vanefndum varnaraðila á dómsátt sem gerð var 26. júní 1984 og afturköllun á uppboðsbeiðni í maí 1985. Telur lögmaður greiðslustöðvun þá, sem heimiluð var með hinum kærða úrskurði, ekki samrýmast tilgangi gjaldþrotalaga, enda hafi varnaraðili haft tíma og ráðrúm til að koma nýrri skipan á fjármál sín og selja Akrasel 27. Verði nýrri skipan ekki komið á fjármál varnaraðila úr þessu með samningum við lánardrottna vegna þess, hve mikil vanskil eru og hvernig til hefur tekist á síðustu árum. Þá telur lögmaðurinn að beiðnin um greiðslustöðvun hafi verið vanreifðuð og villandi.

Í greinargerð Hjalta Steinþórssonar lögmanns varnaraðila segir m.a.:

„Fallast verður á það með sóknaraðila að skuldir varnaraðila hafi verið stórlega vantaldar þegar beiðni um greiðslustöðvun var lögð fram.

Varnaraðili fól viðskiptafræðingi sem annast hefur skattskil hans að gera samantekt um skuldir ...

Vegna einhverra mistaka er sýnt að skuldir eru þar verulega vantaldar.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að þrátt fyrir þessi mistök beri að staðfesta hinn kærða úrskurð, enda séu öll sömu rök til að veita honum heimild til greiðslustöðvunar þótt skuldir hans hafi reynst verulega hærri en í fyrstu var talið og telur varnaraðili að greiðslustöðvun hefði verið heimiluð í upphafi þótt réttar upplýsingar hefðu legið fyrir um skuldirnar.

Umrædd mistök hafi því eigi haft áhrif á niðurstöðu skiptaráðanda.

Svo sem í beiðni varnaraðila kemur fram er tilgangur hans með greiðslustöðvun tvíþættur.

Í fyrsta lagi hyggst hann freista þess að selja fasteign sína að Akraseli 27 í Reykjavík en eignin er metin til söluverðs á 6,5-7 milljónir króna.

Öttast varnaraðili að við nauðungarsölu sé hætta á að eignin verði seld fyrir verulega lægra verð.

Í öðru lagi er það von varnaraðila að á greiðslustöðvunartímanum fáiist úr því skorið hvaða úrlausn kröfur hans í þrotabú Árfells hf. fá, en varnaraðili telur sig eiga þar veruleg verðmæti í vændum vegna óuppgerðra verksamninga sem hann var persónulega aðili að ásamt þrotabúi Árfells hf. ...

Varnaraðili telur fulla ástæðu til að ætla að afstaða verði tekin til krafna hans á greiðslustöðvunartímanum, enda er innköllunarfrestur í bú Árfells hf. nú liðinn og skiptafundur ákveðinn hinn 22. apríl nk.

Fallast má á það með sóknaraðila að erfitt geti reynst að selja fasteignina Akrasel 27 með þeim veðböndum sem á henni hvíla. Þetta gerir varnaraðli sér vonir um að geta leyst með samningum við öftustu veðhafa á eigninni þegar í ljós er leitt hvaða önnur verð-

mæti hann getur boðið fram til tryggingar eða greiðslu skulda.

Tilgangur varnaraðila með greiðslustöðvun samrýmist fyllilega markmiðum II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Viðleitni hans miðar öll að því að sem mest verðmæti fáiist fyrir eignir hans og að tryggja það að lánardrottinnar hans fái fullnustu svo enginn beri skarðan hlut frá borði.

Verði hinn kærði úrskurður hins vegar felldur úr gildi og varnaraðila synjað um greiðslustöðvun má búast við að nauðungarsala á eignum hans leiði af sér gjaldþrot hans og verulegt tjón fyrir þá kröfuhafa sem ekki hafa viðhlítandi tryggingar fyrir kröfum sínum.“

Með greinargerð lögmanns varnaraðila til Hæstaréttar fylgdi nýtt yfirlit viðskiptafræðings um skuldir varnaraðila miðað við 29. janúar sl. Eru þær taldar 6.545.304 krónur, en tekið fram, að flestar skuldirnar séu „í vanskilum og í lögfræðilegri innheimtu og því háðar stöðugum breytingum.“ Með greinargerðinni fylgdi ennfremur ljósrit kröfulýsingar, þar sem lögmaðurinn f.h. varnaraðila lýsir 6.000.000 króna kröfu í þrotabú Árfells hf.

Ekki eru efni til að sinna framkominni frávísunarkröfu.

Þar sem enn er ekki fram komið hvort varnaraðila verði greitt fé úr þrotabúi Árfells hf. þykir rétt að heimila greiðslustöðvun í allt að tvo mánuði frá 18. mars 1986.

Rétt er að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, Árna B. Guðjónssyni, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að tvo mánuði frá 18. mars 1986.

Kærumálskostnaður fellur niður.
